

FUNDARGERÐ 4. stjórnarfundar sem haldinn var 7. desember 2007 á Kirkjubæjarklaustri.

Mættir:

Aðalmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, og Þórunn Pétursdóttir og

Varamenn: Böðvar Pétursson og Hjalti Guðmundsson.

Starfsmaður stjórnar: Þórður H. Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Ellý K. Guðmundsdóttir, Rúnar Þórarinnsson og Magnús Hallgrímsson.

1. Samþykkt dagskrár.

Fyrirliggjandi dagskrá var samþykkt samhljóða

2. Fundur með Svæðisráði IV (Suðvestursvæði)

Fundur með Svæðisráði IV, var haldinn kl. 12:30-15

Sér fundargerð er um þann fund en m.a. var rædd staða samningaviðræðna við landeigendur, staða vinnu við gerð reglugerðar og verndaráætlun, staðsetning gestastofa og landvörslustöðva.

3. Samningaviðræður við landeigendur - staða.

Samningaviðræður við þá landeigendur sem eiga land, sem fyrirhugðað er að verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, hafa verið og eru í höndum umhverfisráðuneytisins. Viðræðum er ekki lokið en eru í farvegi en lítið hefur miðað frá síðasta stjórnarfund. Umhverfisráðuneytið hefur nýverið sent Skaftárhreppi bréf þar sem leitað er eftir álitum þess að taka á fyrstu stigum inn Langasjó og svæði þar í kring.

Gerð var frekari grein fyrir stöðunni, sem er í grófum dráttum er áfram sú að allar líkur eru á að lang stærstur hluti þess lands sem fyrirhugðað var að yrði hluti að fyrsta áfanga þjóðgarðsins fari inn. Óvissa er þó enn með svæðin í Ódáðahrauni og Trölladyngju, en fyrirhugaður er fundur 17. des. n.k. með fulltrúa þeirra sem kröfur gera í þau landsvæði. Óvissa er einnig með gerð samnings við landeigendur á Stafafelli og Brekku í Lóni.

Ærfjall í suðvestanverðum Vatnajökli mun ekki fara inn í þessum áfanga. Auk þess er enn nokkur óvissa með nokkur svæði í Suðursveit; Hjallanes, Steinadal og hluta Kálfafellsdals.

Varðandi Langasjó þá hefur Skaftárhreppur tekið jákvætt í hugmyndina en telur að rétt væri að samhliða verði unnið að gerð áætlunar um framtíðaruppbyggingu þess svæðis.

- Stefnt að því að samningur við sveitarfélagið liggi fyrir áður en gerð reglugerðar lýkur, þannig að svæðið við Langasjó fari inn í fyrsta áfanga.
- Stjórnin vill að þeim tilmælum verði beint til umhverfisráðuneytisins að teknar verði upp formlegri samningaviðræður við landeigendur og hagsmunaðila/ábúendur á svæðunum.
- Á næsta stjórnarfund, sem haldinn verður janúar n.k. mun verða gerð nánari grein fyrir stöðu samningamála við landeigendur.

4. *Reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð - staða.*

Vinna sérfræðinganna tveggja sem ráðnir voru til að vinna drög að reglugerð, þeirra Aðalheiðar Jóhannsdóttur, lögfræðings og dósent við HÍ og Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, grasfræðings og prófessors við HÍ, gengur skv. áætlun og munu fyrstu drög frá þeim verða tilbúin um miðjan janúar á næsta ári. Fljótlega verður haldinn fundur með þeim um stöðuna. Strax og fyrstu drög liggja fyrir hefst samráðsferli milli stjórnar og svæðisráða í samræmi við 20. gr. laga um nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð, en þar segir: „Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs skal í samráði við svæðisráð og Umhverfisstofnun gera tillögu til ráðherra um reglugerð fyrir þjóðgarðinn.“

- Stefnt er áfram að því að reglugerðin verði tilbúin eigi síðar en í mars 2008.

5. *Verndaráætlun*

Í 12. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð segir: „Svæðisráðin, hvert á sínu svæði, skulu vinna tillögu að verndaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Við gerð verndaráætlunar skal svæðisráð hafa samráð við eigendur lands innan þjóðgarðs á viðkomandi svæði, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs fer yfir tillögur svæðisráða og vinnur á grundvelli þeirra verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Eigi síðar en tveimur árum eftir stofnun Vatnajökulspjóðgarðs skal lokið gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn. Skal tillaga svæðisráða, sbr. 3. mgr. 12. gr., send stjórn þjóðgarðsins eigi síðar en 18 mánuðum eftir stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.“

Vinna við gerð verndaráætlunar er ekki farin af stað og á síðasta stjórnarfundum varð nokkur umræða um hvernig yrði staðið að þeirri vinnu, m.a. með aðkomu Náttúrustofa og Háskólasetra og Umhverfisstofnunar svo og samræmingu vinnu við gerð verndaráætlunar fyrir svæðin fjögur. Nú hefur verið rætt við Umhverfisstofnun um hvernig forskrift og samræming gæti litið út og mun UST koma fljótlega með tillögu að slíku „skapalóni“ og hvernig stofnuni gæti komið að samræmingu og gæðaprófun. Gerður verði samningur milli Vatnajökulspjóðgarðs og UST um verkið. Rætt um aðkomu Náttúrustofa og annarra þ.m.t. Háskóla- og fræðasetra að gagnaöflun og rannsóknvinnu. Ítrekað var að starfsmenn þjóðgarðsins koma að vinnunni og þar fyrst og fremst viðkomandi þjóðgarðsvörður/verdir.

- Umhverfisstofnun setji saman sem fyrst leiðbeiningarrit um verklag við gerð verndaráætlana.
- Stefnt er að því að vinna við gerð verndaráætlana hefjist í byrjun á næsta árs.
- Unnin verði kostnaðaráætlun um gerð verndaráætlana (ÞHÓ)

6. Hollvinasamtök

Á fundinn mætti Bjarni Danielsson, sveitarstjóri á Kirkjubæjarklaustri og formaður framkvæmdahóps um stofnun Hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs og fór yfir stöðu undirbúnings.

Í kjölfar formlegrar stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs eða samhliða henni er fyrirhugað að stofna Hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs. Óformleg undirbúningsvinna er þegar hafin og settir hafa verið á fót tveir vinnuhópar til að undirbúa annars vegar stofnun hollvinasamtaka og hins vegar stofnun styrktarsjóðs. Hugmyndin nú er að tengja þetta tvennt saman þannig að væntanleg Hollvinasamtök munu bæði sjá um að afla fjár og úthluta úr sjóði.

Helstu markmið verða:

- að afla fjár til uppbyggingar Vatnajökulsþjóðgarðs og leggja þannig gott til mála á þeim sviðum sem samtökin ákveða að beina kröftum sínum að.
- að hvetja til framlaga, stórra jafnt sem smárra, þannig að allir finni að framlög þeirra skipti máli.
- Styrkja ímynd og verndun Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Stuðla að verndun landslags, lífríkis, jarðmyndana og menningarminja svæðisins.
- Styrkja rannsóknir og fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.
- Efla samkennd um mikilvægi þjóðgarðsins fyrir nærliggjandi byggðir og landsmenn alla.
- Gera málefnið að sameiginlegu hagsmunamáli allrar þjóðarinnar.
- Leggja áherslu á að þjóðgarðurinn sé fyrir alla, ekki aðeins útvalda, og að varast jafnt hreppapólitík sem stofnanaskrifræði.
- Áætlað er að samtökin muni velta 50-100 milljónum króna á ári.
- Öll framlög einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja, sjóða og sveitarfélaga til Hollvinasamtaka Vatnajökuls eru vel þegin, stofnframlög jafnt sem regluleg (árleg) framlög.
- Ríkisvaldið fjármagnar starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs – framlög Hollvinasamtakanna eru hrein viðbót og beinast einkum að fræðslu-, kynningar- og vísindastarfsemi, með það að markmiði að leyfa sem flestum að njóta náttúru Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Mikilvægt er að samspil á milli framlaga ríkisins til þjóðgarðsins og frjálsra framlaga Hollvinasamtakanna sé skýrt og gagnsætt.
- Hollvinasamtökin veita Vatnajökulsþjóðgarði jákvæðan, þverfaglegan stuðning, eru hafin yfir alla hreppapólitík og hafa fagþekkingu og trúverðugleika að leiðarljósi.

Framkvæmdahópurinn gerir ráð fyrir, að áður en hollvinasamtökin verða stofnuð formlega, muni hann hitta svæðisráð og sveitarstjórnir á hverju svæði.

Stuðst hefur verið m.a. við ráðgjafarskýrslu George Ivy: „**Recommendations for Developing a Friends Group to Support Vatnajökull National Park in Iceland**“.

7. Gestastofur

Staðsetning:

- Skriðuklaustur
Fyrir liggur ákvörðun um staðsetningu norður af Gunnarshúsi
- Kirkjubæjarklaustur
Fyrir liggur ákvörðun um staðsetningu austur af félagsheimilinu niður undir Skaftá.
- Mývatn
Á síðasta stjórnarfundum (16/11) kom fram að þrjár hugmyndir eru uppi um staðsetningu og er sveitarstjórn nú með þær til skoðunar.
Tvær hugmyndanna eru við byggðina norðan við vatn.
Þriðja tillagan er sunnan við vatn í landi Skútustaða og á síðasta fundi stjórnar kom fram að meiri hluti stjórnar styður þá hugmynd.
Önnur hugmyndanna norðan vatns þ.e. sú sem er næst Austurlandsveginum fær mestan hljómgrunn hjá sveitarstjórn og sú hugmynd þar uppi að núverandi gestastofu verði slegið saman við þá nýju.
- Höfn
Fyrir liggur ákvörðun um staðsetningu á svokölluðu Stekkanesi norðan og vestan við Höfn og þar eru heimamenn mjög áfram um að jöklasýningin á Höfn verði uppistaðan í sýningu nýrrar gestastofu þar. Ef af yrði myndi sveitarstjórnin afhenda þjóðgarðinum sýninguna endurgjaldslaut.

Skipulagsupprættir:

Ítrekaðar voru óskir um að fá sem allra fyrst öll tiltæk gögn um staðsetningar gestastofanna, stöðu aðal- og deiliskipulags, svo og hnitsetningu lóða og aðstæður á viðkomandi stað. Fyrir auglýsingu arktiektasamkeppninnar þurfa að liggja fyrir mjög ítarleg gögn um staðsetninguna á Skriðuklaustri og eins mikið og kostur er um hinar þrjár stofurnar. Í máli Eiríks kom fram að hann hefur óskað eftir því við oddvita Fljótsdalshrepps að hún komi öllum upplýsingum til starfsmanns og dómnefndar um gögn er varðar Skriðuklaustur.

8. Landvörslustöðvar

- Viðræður við útivistarfélag og rekstraraðila á svæði þjóðgarðsins.

Eins og fram kom á síðasta stjórnarfundum var ákveðið í framhaldi af innsendu bréfi dags. 9. okt. s.l., ferðafélaga (FÍ, FFA, FFF og FFASK), sem eru með rekstur á rektrarsvæði væntanlegs Vatnajökulshrepps, að halda fundum um málið. Haldnir hafa verið fundir, annars vegar með fulltrúum frá Ferðafélagi Íslands, Ólafi Erni Haraldssyni, forseta FÍ og

Páli Guðmundssyni, framkvæmdastjóra FÍ, svo og var fyrsti eiginlegi samningafundurinn haldinn 6. des. s.l. Fulltrúar frá FFA og FFF ásamt Páli Guðmundssyni, framkvæmdastjóra FÍ sátu fundinn og fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs sat Þórður H. Ólafsson. Næsti fundur hefur verið boðaður 13. des. n.k. Stefnt er að því að ná eins langt og kostur er fyrir lok janúar n.k.

Auk þessa þarf að ræða við önnur útivistarsamtök s.s. Jökklarannsóknafélagið og einkaaðila m.a. í Hrauneyjum um mögulega samvinnu um aðstöðu fyrir landvörslu á rekstrarsvæði þjóðgarðsins, en í landvörslustöðvum er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir landverði auk aðstöðu fyrir kynningu á þjóðgarðinum.

- Stjórnin er þeirrar skoðunar að þeir starfsmenn sem starfi að landvörslu innan Vatnajökulsþjóðgarðs heyri beint undir viðkomandi þjóðgarðsvörð.

9. *Aðkoma og samvinna einkaaðila*

- klasar; samstarf í samkeppni

Dreift var samantekt frá fyrirtækinu Netspori um málið, en umræðu frestað til næsta fundar.

10. *Arkitektasamkeppni um gestastofur*

Dómnefnd hefur hafið störf og leggur hún til að samkeppninni verði skipt upp þannig í fyrstu auglýsingu verði fyrst og fremst beðið um tillögur að gestastofunni á Skriðuklaustri og einungis beðið um hugmyndir að hinum gestastofunum þremur auk tillögum um hvernig gestastofurnar muni tengjast með samnefnara, „minni, eða hina sýnileg tenging milli gestastofanna, sem stjórn hefur lagt ríka áherslu á. Rök dómnefndar fyrir þessu fyrirkomulagi eru að í fyrsta lagi gefst mun meiri tími fyrir allt samráð við heimaaðila, viðkomandi svæðisráð og sveitarfélag.

Lagt hefur verið mat á kostnað við þetta breytta fyrirkomulag og líklegt má ætla að verðlaunafé hækki úr 10 m.kr. í um 13-14 m.kr. og að viðbótarkostnaður vegna lengri líftíma dómnefndar verði um 2 m.kr. og að alls hækki því útgjöld vegna samkeppninnar um 5- 6 m.kr. við breytt fyrirkomulag auglýsinga. Heildarkostnaður við keppnina var í upphafi áætlaður um 20 m.kr., sem virðist hafa verið nokkuð vel í lagt því ætla má að þrátt fyrir framangreinda hækkun fari heildarkostnaður við samkeppnina ekki framúr þeirri kostnaðaráætlun. Heildarkostnaður við uppbyggingu fögurra gestastofa er áætlaður að verði um 700 millj.kr. þannig að hækkunin vegna breytts auglýsingafyrirkomulags er því innan við 1% af heildarkostnaði.

Nú er áætlað að auglýsingin birtist 6. janúar n.k. og skilafrestur tillagna er áætlaður 2. apríl 2008 og niðurstaða dómnefndar liggja fyrir 25. apríl 2008. Áætlað er að framkvæmdir við gestastofuna á Skriðuklaustri geti hafist í október 2008.

- Stjórnin er einróma þeirrar skoðunar að einungis verði stefnt á að halda eina samkeppni sem taki til allra gestastofanna, að allar stofurnar hafi skýra sameiginlega ímynd/minni, þannig að augljós tenging verði milli stofanna fögurra. Stefnt verði að því að nota vinningshafana til að teikna einnig hinar stofurnar þrjár.

11. Samkeppni um merki Vatnajökulsþjóðgarðs

Gísli B. Björnsson, aulýsingateiknari hefur að beiðni stjórnar, valið 6 teiknara til að koma með tillögur að að merki fyrir Vatnajökulsþjóðgarð og mun hver þeirra senda inn 4-5 tillögur þann 15. janúar n.k.

Ákveðið var þegar tillögur hafa borist muni Anna Kristín Ólafsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir og Þórunn Pétursdóttir setjast yfir tillögurnar og koma með á næsta stjórnarfund tillögur um 3-5 tillögur sem þykja bestar að þeirra mati. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs mun síðan taka hina endanlegu ákvörðun um val á merki, jafnvel á næsta stjórnarfund.

12. Samþykki fundargerðar 3. stjórnarfundar 16. nóvember 2007.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar, frá 16. október s.l. var samþykkt án athugasemda.

13. Auglýsing um starf framkvæmdastjóra

Hjalti lagði fram tillögu þess efnis að framkvæmdastjóri yrði staðsettur á Hornafirði. Formaður lagði til breytingartillögu um að starfið yrði auglýst án staðsetningar. Mikil umræða skapaðist um málið í kjölfarið. Að lokum var ákveðið að starfið verði auglýst án staðsetningar, en þess þó getið að starfsstöðin þurfi að þjóna hagsmunum þjóðgarðsins. Er það sameiginlegur skilningur stjórnarmanna að það þýði að framkvæmdastjóri verði staðsettur í einu af þeim átta sveitarfélögum, sem eiga land að þjóðgarðinum eða á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt var það samþykkt að staðsetning framkvæmdastjóra yrði endurskoðað um sama leyti og endurskoða á stjórnfyrirkomulag fyrir Vatnajökulsþjóðgarð eins og bráðarbirgðarákvæði í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð gera ráð fyrir.

14. Önnur mál

Aðeins farið yfir stöðu fjárlagagerðar, engar viðbætur komu inn við 2. umræðu fjárlaga og er beðið 3. umræðu sem verður 11. des.

15. Næsti stjórnarfundur

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 21. janúar n.k.

Fundi slitið 16:35

ÞHÓ ritaði fundargerð